

# REGLUR LYKILS FJÁRMÖGNUNAR HF.

REGLUR UM VARNIR GEGN  
PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN  
HRYÐJUVERKA



## EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	3
2.	MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ.....	3
3.	ÁHÆTTUMAT.....	3
4.	RÁÐSTAFANIR TIL AÐ TRYGGJA ÖRYGGI Í SAMSKIPTUM VIÐ VIÐSKIPTAVINI.....	3
4.1.	UM NAFNLAUS VIÐSKIPTI.....	3
4.2.	UPPLÝSINGAÓFLUN UM VIÐSKIPTAVINI.....	3
4.3.	UM VIÐSKIPTI VIÐ EINSTAKLINGA Í ÁHÆTTUHÓPI VEGNA STJÓRN MÁLALEGRA TENGLA.....	3
4.4.	UM VIÐSKIPTI VIÐ SKELBANKA OG ÁHÆTTUSÖM RÍKI.....	4
5.	UM VARÐVEISLU UPPLÝSINGA.....	4
6.	UM TILKYNNINGASKYLDU Á GRUNSAMLEGRI HÁTTSEMI VIÐSKIPTAVINA OG RÁÐSTAFANIR HENNI TENGDA.....	4
6.1.	ÞAGNARSKYLDA.....	4
7.	UM EFTIRLIT MEÐ ÞVÍ AÐ STEFNU LYKILS Í PENINGAÞVÆTTISMÁLUM SÉ FYLGT.....	4
7.1.	UM ÁBYRGÐARMANN AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI O.FL.....	5
7.2.	TILKYNNINGARSKYLDA TIL SKRIFSTOFU FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU.....	5
7.3.	ÞJÁLFUN STARFSMANNA.....	5
7.4.	UM ÖRYGGI VIÐ RÁÐNINGU STARFSMANNA.....	5
7.5.	UM EFTIRLIT MEÐ VIRKNI VARNA GEGN PENINGAÞVÆTTI.....	6
8.	GILDISTAKA OG ENDURSKOÐUN.....	6
	VIÐAUKI - SKILGREININGAR.....	7

## 1. Inngangur

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, ásamt viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum.

## 2. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að leitast við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) eða dótturfélaga verði notuð til peningabættis eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi með því að þekkja deili á viðskiptavinum félagsins og starfsemi þeirra.

Með setningu reglnanna leitast Lykill við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Reglur þessar gilda fyrir Lykil og dótturfélög eftir því sem við á.

Settar hafa verið verklagsreglur sem lýsa nánari útfærslu á framkvæmd þessara reglna.

## 3. Áhættumat

Lykill skal gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptavinum, viðskiptalöndum eða svæðum, þegar við á, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Áhættumatið tekur m.a. mið af áhættumati Ríkislögreglustjóra vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka, áhættumati Evrópusambandsins, reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka og The Risk Factors Guidelines<sup>1</sup>. Áhættumat skal taka mið af stærð, eðli og umfangi í starfsemi félagsins og margbreytileika starfseminnar. Áhættumat skal uppfært á tveggja ára fresti eða oftár ef tilefni er til. Framkvæma skal áhættumat áður en nýjar vörur eða þjónusta er sett á markað og þegar teknar eru í notkun nýjar dreifileiðir og ný tækni.

## 4. Ráðstafanir til að tryggja öryggi í samskiptum við viðskiptavini

### 4.1. Um nafnlaus viðskipti

Lykli er óheimilt að bjóða upp á nafnlaus viðskipti og er jafnframt óheimilt að taka þátt í eða stuðla að viðskiptum sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald.

### 4.2. Upplýsingaöflun um viðskiptavini

Óheimilt er að leyfa viðskiptavini að hefja viðskipti fyrr en deili hafa verið staðfest og áreiðanleikakönnun hefur verið gerð. Sannreyna skal upplýsingar viðskiptavina, t.d. með upplýsingum úr opinberum skráum. Þá skal einnig afla upplýsinga um tilgang og eðli fyrirhugaðra viðskipta. Enn fremur skal kanna áreiðanleika upplýsinga um núverandi viðskiptavini, m.a. þegar breytingar verða á samningssambandinu.

Jafnframt skal Lykill, eftir að til viðskipta hefur verið stofnað, viðhafa reglubundið eftirlit með viðskiptum viðskiptavina, eftir því sem við á, í því skyni að koma í veg fyrir að viðskiptasambönd verði notuð til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.

### 4.3. Um viðskipti við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

Lykill aflar upplýsinga um hvort viðskiptavinir séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Telji viðskiptavinur sig tilheyra þeim hópi skal lánastjóri, sviðsstjóri Viðskiptasviðs eða annar stjórnandi sem til þess hefur heimild samþykkja viðskiptin.

<sup>1</sup> JC 2017 37, 26.06.2017, Joint Guidelines under Articles 17 and 18(4) of Directive (EU) 2015/849 on simplified and enhanced customer due diligence and the factors credit and financial institutions should consider when assessing the money laundering and terrorist financing risk associated with individual business relationships and occasional transactions

Lykill skal hafa aukið reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptavinum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Lykill skal greina óvenjulegar færslur og yfirfara reglulega fyrirbyggjandi upplýsingar til að tryggja að nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á áhættumat séu greindar tímanlega. Tíðni aukins eftirlits fer eftir þeirri áhættu sem hefur verið greind.

#### 4.4. Um viðskipti við skelbanka og áhættusöm ríki

Lykill fjármagnar ekki fyrir erlenda aðila nema þeir hafi haft lögheimili á Íslandi í a.m.k. tvö ár og hafi íslenska kennitölu. Þá skulu innlánseigendur hafa íslenska kennitölu og bankareikning í innlendum banka eða sparisjóði. Félaginu er óheimilt að stofna til viðskiptatengsla við skelbanka, eða hvern þann mótaðila sem þekktur er af því að leyfa slíkum skelbönkum að nota reikninga sína. Af því leiðir að Lykli er óheimilt að stunda viðskipti við áhættusöm eða ósamvinnuþýð ríki eða aðila búsetta þar<sup>2</sup>.

### 5. Um varðveislu upplýsinga

Með hliðsjón af eðli starfsemi sinnar skal Lykill varðveita afrit af persónuskilríkjum, áreiðanleikakönnun og opinberum gögnum auk annarra upplýsinga um viðskiptavinum í a.m.k. fimm ár frá því samningssambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað. Gögnin skulu vera á því formi að þau séu aðgengileg yfirvöldum sé þess óskað. Þá skal félagið gæta þess að varðveitt gögn séu nægjanleg til að yfirvöldum sé unnt að gera sér grein fyrir því hvernig staðið var að upplýsingaöflun og áreiðanleikakönnun og hvernig einstök viðskipti voru framkvæmd.

Gögnum, sem varðveitt eru, skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til varðveislu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### 6. Um tilkynningaskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni tengdar

Starfsmenn og stjórnendur Lykils skulu tafarlaust tilkynna ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningaþvætti um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðrar háttsemi. Ábyrgðarmaður skal kanna bakgrunn og tilgang viðskiptanna og afla nauðsynlegra gagna. Á grundvelli áðurnefndrar athugunar skal ábyrgðarmaður meta hvort ástæða sé til að senda tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Þá skal bregðast við fyrirspurnum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og veita skrifstofunni allar nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast tilkynningum. Lykli ber að forðast viðskipti ef vitneskja eða grunur er um að þau megi rekja til refsiverðrar háttsemi, þar til tilkynning hefur verið send skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, leiðbeiningar hafa borist frá skrifstofunni og þeim hefur verið fylgt.

#### 6.1. Þagnarskylda

Stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu Lykils er skylt að sjá til þess að viðskiptavinur eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að skrifstofu fjármálagreininga lögreglu hafi verið send tilkynning. Jafnframt er sömu aðilum óheimilt að láta viðskiptavin vita eða á annan hátt gefa honum til kynna að viðskipti hans sæti athugun.

Þá skal Lykill sjá til þess að upplýsingum um hvaða starfsmaður tilkynnti um grunsamleg viðskipti viðskiptavinar, sé haldið leyndum, m.a. í tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, nema brýn nauðsyn krefji.

### 7. Um eftirlit með því að stefnu Lykils í peningaþvættismálum sé fylgt

Lykill skal gæta þess að efni reglna þessara samræmist þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem í gildi eru á hverjum tíma til að verjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Lykill skal jafnframt gæta þess að verklagsreglur félagsins endurspegli efni reglna þessara og að þeim sé framfylgt.

<sup>2</sup> Fletta má upp þeim ríkjum sem teljast áhættusöm eða ósamvinnuþýð ásamt einstaklingum sem beittir hafa verið þvingunar- eða refsiaðgerðum á heimasíðunni: <https://www.sanctionsmap.eu/#/main>. Þá sendir ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti starfsmönnum tölvupóst þegar upplýsingar berast frá stjórnvöldum um áhættusöm eða ósamvinnuþýð ríki.

Enn fremur skal Lykill leitast við að meta hvort ný tækni eða nýjar viðskiptaaðferðir geti haft áhrif á möguleika viðskiptavina til að stunda peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og í framhaldinu gera viðeigandi ráðstafanir.

### 7.1. Um ábyrgðarmann aðgerða gegn peningabætti o.fl.

Yfirstjórn varna Lykils gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er í höndum stjórnar félagsins, en framkvæmd stefnu stjórnar sem og eftirlit með því að henni og ákvæðum laga er málaflokkinn varða sé framfylgt, er í höndum sérstaks ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti. Ábyrgðarmaður skal tilnefndur af stjórn, úr hópi stjórnenda, en jafnframt skal tilnefna staðgengil hans. Ábyrgðarmaður skal vera sjálfstæður í starfi og eiga beinan aðgang að stjórn og stjórnendum Lykils varðandi þau verkefni sem falla undir gildissvið reglna þessara og verklagsreglna Lykils. Tilkynna skal skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og Fjármálaeftirlitinu um tilnefningu ábyrgðarmanns og staðgengils hans og hvaða stöðu þeir gegna innan Lykils.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptavina, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum er skipt geta máli vegna tilkynningar eða rannsókna í tengslum við starfskyldur hans. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skal árlega skila skýrslu til stjórnar Lykils um málaflokkinn og hvernig félagið hafi innleitt reglur og verklagsreglur sem stuðla að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Stjórn Lykils skal taka skýrsluna til umfjöllunar á stjórnarfundum.

### 7.2. Tilkynningarskylda til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu tekur á móti tilkynningum um viðskipti þar sem grunur leikur á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti hjá Lykli ber ábyrgð á að tilkynna tímanlega skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um grunsamleg viðskipti og ef grunur vaknar um að viðskipti og fjármuni megi rekja til refsiverðrar háttsemi. Hann skal einnig bregðast skjótt við fyrirspurnum frá skrifstofunni um viðbótarupplýsingar sem tengjast tilkynningunni og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar sem óskað er eftir.

Lykli ber að gera skriflegar skýrslur um öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sem eiga sér stað í starfsemi félagsins.

### 7.3. Þjálfun starfsmanna

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skal tryggja að öllum starfsmönnum Lykils sé kynntar reglur þessarar ásamt verklagsreglum og þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt þeim er varða aðgerðir gegn peningabætti. Þjálfunin skal taka mið af áhættu, eðli og stærð tilkynningarskylds aðila.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skal einnig sjá til þess að starfsmönnum standi til boða viðhlítandi þjálfun í þeim aðgerðum til varnar peningabætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem Lykill viðhefur á hverjum tíma. Jafnframt skal tryggt að slíkri þekkingu og þjálfun sé viðhaldið og skal hún miðast við þá tækni og aðferðir sem vitað er að notaðar eru við peningabætti á hverjum tíma.

### 7.4. Um öryggi við ráðningu starfsmanna

Lykill skal við ráðningu starfsmanna tryggja að þeir standist fyllstu hæfiskröfur. Framkvæmdastjóri Lykils skal sjá til þess að fyrir hendi sé verklag varðandi ráðningu starfsmanna, m.a. varðandi könnun á náms- og starfsferli umsækjanda, fjárhagsstöðu hans, sakaferli og öðrum þáttum sem til álita koma við mat á því hvort viðkomandi sé í aðstöðu sem eykur hættuna á því að hann verði handbendi aðila sem leggja stund á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Að lágmarki skal starfsmaður leggja fram sakavottorð við ráðningu.

### 7.5. Um eftirlit með virkni varna gegn peningabvætti

Stjórn og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabvætti skulu sjá til þess að fram fari úttektir á eftirfylgni Lykils við löggjöf, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur varðandi aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka og prófanir á virkni varna Lykils gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skulu þær varnir sæta sífelldri endurskoðun í ljósi niðurstaðna slíkra úttekta og prófana.

Innri endurskoðandi skal reglulega framkvæma úttektir á virkni aðgerða félagsins gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka og því hvort þær samræmist þeim kröfum sem fram koma í lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerða settar á grundvelli þeirra.

### 8. Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar Lykils. Þær skulu endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir en að lágmarki árlega.

26. nóvember 2019

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.

BRUNDA SPÆINSEN  
Meyling  
Pjetur Gunnarsson  
Hanna Þorsteinsdóttir

## Viðauki - skilgreiningar

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

### Aukin áreiðanleikakönnun:

Aukin áreiðanleikakönnun getur falið í sér að afla skuli aukinna upplýsinga í tengslum við áreiðanleikakönnun t.d. með því að:

1. afla viðbótarupplýsinga um deili á viðskiptamanni eða raunverulegum eiganda, sem og hvort viðskiptavinur sé í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, um eignarhald og stjórnskipulag viðskiptamanns, til þess að vera fullviss um að áhætta tengd samningssambandinu sé vel þekkt. Þetta getur falið í sér að afla og meta upplýsingar um orðspor viðskiptamanns eða raunverulegs eiganda þ. á m. neikvæða umfjöllun um þá. Sem dæmi um slíkar upplýsingar má nefna:
  1. upplýsingar um fjölskyldumeðlimi og nána samstarfsmenn,
  2. upplýsingar um núverandi viðskipti viðskiptamanns eða raunverulegs eiganda eða fyrri viðskipti viðkomandi, eða
  3. neikvæða fjölmiðlaumfjöllun.
2. afla upplýsinga um fyrirhugað samningssamband til að ganga úr skugga um að tilgangur þess sé lögmætur og til að öðlast skýra mynd af viðskiptamanni. Þetta getur falið í sér að afla upplýsinga um:
  1. fjölda, umfang og tíðni færslna sem eru líklegar til að vera framkvæmdar af viðskiptamanni, í því skyni að gera tilkynningarskyldum aðilum kleift að greina frávik sem geta gefið tilefni til gruns,
  2. í hvaða tilgangi viðskiptamaðurinn óskar eftir tiltekinni vöru eða þjónustu, sérstaklega í þeim tilvikum þegar ekki er ljóst hvers vegna þarfir viðskiptamanns geti ekki verið uppfylltar með öðrum hætti eða í annarri lögsögu,
  3. hvert fjármunum er ráðstafað,
  4. starfsemi viðskiptamanns eða raunverulegs eiganda, í því skyni að gera tilkynningarskyldum aðila kleift að skilja betur eðli samningssambandsins.

### Ávinningur:

Hvers kyns hagnaður og eignir, hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.

### Einfölduð áreiðanleikakönnun:

Leiði áhættumat í ljós litla hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, er tilkynningarskyldum aðilum heimilt að framkvæma einfaldaða áreiðanleikakönnun. Við einfaldaða áreiðanleikakönnun skulu tilkynningarskyldir aðilar afla upplýsinga um og staðfesta þá þætti sem nefndir eru í 1. mgr. 10. gr. laga<sup>3</sup> um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en heimilt er að aðlaga umfang eða tíðni þessara þátta að niðurstöðum áhættumats.

### Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalatengsla:

Einstaklingar, innlendir og erlendir, sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og nánum samstarfsmönnum.

Til háttsettra einstaklinga í opinberri þjónustu teljast:

<sup>3</sup> 10. gr. Könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að:

- a. einstaklingar sanni á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja,
- b. lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða sambærilegir aðilar sanni á sér deili með upplýsingum úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum; prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki, þ.m.t. framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili skv. a-lið,
- c. aðilar sem koma fram fyrir hönd fjárvörslusjóðs eða sambærilegs aðila, þ.e. fjárvörsluaðilar, veiti tilkynningarskyldum aðilum upplýsingar um raunverulega eigendur; þeir skulu jafnframt að eigin frumkvæði upplýsa tilkynningarskylda aðila um stöðu sína sem fjárvörsluaðili,
- d. þeir sem koma fram fyrir hönd þriðja aðila sýni fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir og sanni á sér deili skv. a-lið,
- e. fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan eiganda og hann hafi sannað á sér deili í samræmi við a-lið.

- a. þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar,
- b. þingmenn,
- c. einstaklingar í framkvæmdastjórn stjórnmalaflokka,
- d. hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum,
- e. dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka,
- f. sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja,
- g. fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis,
- h. framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana.

Störf sem talin eru upp í a–h-liðum eiga ekki við um millistjórnendur.

Til nánustu fjölskyldu teljast:

- a. maki,
- b. sambúðarmaki í skráðri sambúð,
- c. börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð,
- d. foreldrar.

Til náninna samstarfsmanna teljast:

- a. einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu eða aðrir þekktir samstarfsmenn,
- b. einstaklingar sem hafa átt nánin viðskiptatengsl við einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu,
- c. einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.

#### Fjármögnun hryðjuverka:

Óflun fjár, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það í heild eða að hluta til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a. – c. almennra hegningarlaga<sup>4</sup>.

#### <sup>4</sup> 100. gr. a.

Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögumætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar:

1. manndráp skv. 211. gr.,
2. líkamsárás skv. 218. gr.,
3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,
4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannlífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,
5. flugrán skv. 2. mgr. 165. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 165. gr.,
6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óföllum annarra slíkra farar- eða flutningatækja skv. 1. mgr. 165. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, skv. 1. mgr. 171. gr.

Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.

#### 100. gr. b.

Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

#### 100. gr. c.

Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.



**Peningþvætti:**

Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við ávinningi, nýtir ávinning eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

**Raunverulegur eigandi:**

Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfseminna eða stýrir þeim viðskiptavini, lögaðila eða einstaklingi, í hvers nafni viðskipti eða starfsemi eru stunduð eða framkvæmd. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

Í tilviki lögaðila:

- a) Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yferráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- b) Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda skv. a) lið, t.d. vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra viðskiptavini í skilningi laga þessara eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi.

Í tilviki fjárvörslusjóða og sambærilegra aðila, allir eftirtaldir aðilar:

- a) fjárvörsluaðili,
- b) stofnaðili,
- c) ábyrgðaraðili, ef við á,
- d) réttthafi, einn eða fleiri; ef réttthafi hefur ekki verið tilgreindur telst réttthafi vera hver sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem mun njóta ávinnings af stofnun fjárvörslusjóðs eða sambærilegs aðila,
- e) aðrir einstaklingar sem hafa yferráð, með beinum eða óbeinum hætti, yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila.

**Skelbanki:**

Fjármálafyrirtæki eða sambærilegur aðili án raunverulegrar starfsemi eða heimilisfesti í því landi þar sem honum er veitt heimild til að starfa sem er jafnframt ótengdur eftirlitskyldri samstæðu sem lýtur skilvirku eftirliti hjá viðeigandi eftirlitsaðila.

**Viðurkennd persónuskilríki:**

Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði samkvæmt lögum um rafrænar undirskriftir.